

# Reikningsskilaráð ríkisins

16. Fundur – 7. febrúar 2018 kl. 09:00

## FUNDARGERÐ

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Forföll: Ólafur Hjálmarsson og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 15. fundar samþykkt.

### 2. Stofnefnahagsreikningar, staða og skýrsla KPMG um meðferð skulda

Dreift var yfirliti yfir fjölda stofnana og fjölda þar sem drög að stofnefnahagsreikningi eru tilbúin til útsendingar. Fjöldi stofnana er 217 og eru drög að stofnefnahagsreikningum tilbúin fyrir þær allar. Verið er að skoða aðra rekstrarliði, fjárheimildaliði, tilfærsluliði og þjónustusamninga sem eru samtals 212. Þar af eru tilbúnir 58 stofnefnahagsreikningar og verið er að meta hve marga stofnefnahagsreikninga þarf að gera fyrir aðra liði.

Farið var yfir skýrslu KPMG um meðferð skulda. Þar koma fram tvær aðferðir samkvæmt IPSAS 29 þar sem fjárskuldum eru metnar samkvæmt gangvirði (markaðsverði) eða afskrifuðu kostnaðarverði. Í þessu felst að ef vextir lækka þá hækka skuldirnar og öfugt. Unnið er að reikna út breytingu á skuldum ríkisins með innleiðingu á nýju verklagi og er við því að búast að skuldirnar hækki töluvert en á móti kemur að árleg vaxtagjöld munu lækka. Verið að skoða niðurstöðurnar m.t.t. skuldaviðmiða í fjármálaáætlun. Einnig rétt að minna á að samsvarandi áhrif koma einnig fram á veittum lánum ríkissjóðs.

### 3. Lagabreytingar 52. gr. LOF, vinnuhópur

Vinnuhópur hefur hafið störf við að skoða lagabreytingartillögu á 52. gr. LOF. Vinnuhópurinn átti að skoða hvort að möguleiki væri að miða ekki við ársreikningalög heldur eingöngu IPSAS. Fyrstu drög benda þó til að heppilegast sé að horfa til ársreikningalaga ef hægt er. Vinnuhópurinn heldur áfram störfum og mun á næstu fundum leggja fyrir RR kosti í stöðunni og tillögu að lagabreytingu.

### 4. Önnur mál.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 14. mars kl. 9:00